

Mánudaginn 5. september 1994.

Nr. 380/1994.

**Ákærvaldið**

gegn

**Sigurði Hólm Sigurðssyni**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. september 1994, sem barst réttinum næsta dag. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að í stað gæsluvarðhalds verði hann vistaður á sjúkrahúsi. Loks krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. september 1994.**

Ár 1994, fimmtudaginn 1. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Gretu Baldursdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Sigurði Hólm Sigurðssyni, kt. 010563-2839, Goðheimum 18, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, þar til dómur gangi í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16.00.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 27. júlí 1994, var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag. Ákæra í máli hans hefur verið gefin út, og hefur efni hennar verið kynnt kærða. Hún mun verða þingfest síðar.

Kærða er gefið að sök að hafa brotið gegn 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. og 20. gr. sömu laga.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að eiga aðild að, geta varðað hann fangelsi skv. alm. hegningarlögum, og hefur hann játað að hafa átt nokkra aðild að þeim brotum.

Kærði var látinn laus af Litla-Hrauni þriðjudaginn 26. júlí sl. eftir þriggja og hálfis árs veru þar. Brot þau, sem kærði er ákærður fyrir, voru framin 26. og 27. júlí 1994. Ljóst er samkvæmt sakavottorði kærða, að hann á langan brotaferil að baki, og má ætla, að hann muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið.

Með vísan til framanritaðs og með skírskotun til c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka til greina kröfu ríkissaksóknara um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða, eins og hún er fram sett. Ekki verður fallist á, að a-liður 1. mgr. 103. gr. oml. eigi við, eins og mál þetta horfir við.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur fellur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til 28. september 1994 kl. 16.00.

---